

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
03. feb. 2012	
10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. febrúar 2012
UST20120100201/dg

Efni: Tillaga að deiliskipulagi skálasvæðis í Hvítárnesi við Hvítárvatn

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 19. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um lýsingu skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags fyrir Hvítárnes við Hvítárvatn á Kili í Bláskógabyggð.

Almennt um framkvæmd

Megin tilgangur deiliskipulagsins er að skilgreina skálasvæði í Hvítárnesi við Hvítárvatn og byggingarreiti innan svæðisins, vernda ásýnd og umhverfi þess. Skipulagið er unnið á vegum FÍ í samvinnu við Bláskógabyggð.

Skálasvæðið í Hvítárnesi við Hvítárvatn er innan svæðis miðhálandisins og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana, nr. 105/2006. Svæðið fellur jafnframt undir þjóðlendur sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og er því landsvæðið á forræði forsætisráðuneytisins. Svæðið er undir hverfisvernd 12. gr. laga nr. 123/2010 um skipulag og er skilgreint sem frístundabyggð samkv. aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 nú Bláskógabyggð.

Náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis nr. 734 á náttúruminjaskrá, Hvítárvatn og Hvítárnes. Um svæðið segir: „Vatnið ásamt Fróðárdölum og Hvítárnesi, vestan Kjalveggar hins forna. Norðurmörk liggja um Sólköttlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár.“ Umhverfisstofnun bendir á að mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem fjallað er um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Mannvirkjagerð

Fram kemur í greinargerð að deiliskipulagssvæðið er um 3 hektarar og nær yfir núverandi mannvirki á svæðinu. Gert er ráð fyrir enduruppbyggingu skála FÍ en ytra byrði skálans er friðað samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun. Við skálann eru fornminjar og huga þarf sérstaklega að vernd þeirra meðan á framkvæmdum stendur. Skálavarðarhús og salernishús er áætlað á svæðinu, samkvæmt deiliskipulags- og matslýsingu, en byggingarreiti fyrir húsin vantar sem og lýsingu á útliti húsanna og vill Umhverfisstofnun benda á 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem segir að við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

Vegir og bílastæði

Fram kemur í greinargerð að vegslóði liggur að Hvítárnesi og leiðin því varla fær öllum farartækjum. Ekki er gert ráð fyrir aukinni vegagerð en bílastæði er skipulagt innan svæðisins. Umhverfisstofnun vill benda á að mikilvægt er að bílastæði og snúningsaðstaða verði vel afmörkuð þannig að komið verði í veg fyrir hugsanlegan utanvegaakstur eins og hægt er. Í deiliskipulags- og matslýsingu kemur fram að göngustígur sem liggur að skálanum sé skemmdur og vill Umhverfisstofnun benda á að æskilegt væri að lagfæring færi fram á honum áður en framkvæmdir hefjast til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Tjaldsvæði

Áætlað er samkvæmt deiliskipulags- og matslýsingu að innan svæðisins verði tjaldsvæði og vill Umhverfisstofnun benda á starfsleyfis skilyrði fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að tjaldsvæði þar sem gróðurfar er jafn viðkvæmt og þarna ætti einungis að vera fyrir hefðbundin viðlegutjöld.

Frárennsli

Í deiliskipulags- og matslýsingunni kemur fram að stækka þurfi salernishús. Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is).

Vatnsveita

Fram kemur í deiliskipulags- og matslýsingu áætlun um að færa vatnstank frá núverandi stöðu ofar í heiðina til þess að minnka sjónræn áhrif hans. Umhverfisstofnun fagnar þessari viðleitni en vill jafnframt í því tilliti benda á að gróðurþekja á svæðinu er mjög viðkvæm fyrir raski, en ekki kemur fram í lýsingunni hvernig staðið verði að flutningi á umræddum vatnstanki eða aðgerðum honum tengdum s.s. frágangi leiðslna.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að hvergi komi fram í deiliskipulags- og matslýsingu hvað gert verði við tilfallandi sorp, stofnunin bendir á 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun fagnar þeirri áherslu sem sveitarstjórnin leggur á að vernda ásýnd og umhverfi Hvítárness við Hvítárvatn og takmörkun á uppbyggingu mannvirkja innan svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja þá væri hægt að notast við efnivið er fellur vel inn í landslag og svipmót landsins sbr. 35. greinnáttúruverndarlaga um hönnun mannvirkja.


Umhverfisstofnun vill benda á að æskilegt væri að velja framkvæmdartíma með tilliti til viðkvæmni lands og gróðurs.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis í Hvítárnesi við Hvítárvatn.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri



Drífa Guðstafsdóttir
sérfræðingur